

Úthlutun styrkja úr Rannsóknasjóði síldarútvegsins á árinu 2014

Á árinu 2014 styrkir Rannsóknasjóður síldarútvegsins fjögur fræðslu og kynningarefni í sjávarútvegi. Hvert verkefni fær 3 milljónir króna í styrk og er því heildarstyrkupp hæð nýrra verkefna á árinu 2014 samtals 12 milljónir króna. Eftirtalin verkefni eru styrkt að þessu sinni:

- Öryggi íslenskra sjávarafurða – hagnýtt fræðsluefni um uppbyggingu HACCP- kerfis
- Lífríkið í sjónum við Ísland
- Íslenskur sjávarútvegur á 21. öld – Verðmæti úr hafinu
- SjávarútvegsApp – Sjóarinn

Heiti verkefnis: Öryggi íslenskra sjávarafurða – hagnýtt fræðsluefni um uppbyggingu HACCP-kerfis.

Verkefnisstjóri: Margeir Gissurarson, Matís

Aðrir umsækjendur: Fisktækniskóli Íslands

Lýsing á verkefni: Markmið verkefnisins er að efla þekkingu á HACCP og mikilvægi þess til að tryggja matvælaöryggi svo uppfylla megi kröfur verðmætra markaðssvæða fyrir íslenska sjávarafurðir. Útbúa á kennsluefni sem getur nýst bæði nemendum í skólum og starfsmönnum fyrirtækja.

Heiti verkefnis: Lífríkið í sjónum við Ísland

Verkefnisstjóri: Erlendur Bogason, Sævör ehf.

Aðrir umsækjendur: Icydesign ehf., Háskólinn á Akureyri, RÚV Akureyri og Mikkaólína

Lýsing á verkefni: Verkefnið gengur út á að gera stutt neðansjávarmyndbönd sem hafa að geyma sögur og myndir af fiskum og dýrum í sjónum við Ísland ásamt því að sýna virkni veiðifæra. Markmiðið með verkefninu er að vekja áhuga nemenda grunn- og framhaldsskóla á Íslandi á neðansjávarlífríki Íslands á aðgengilegan, skemmtilegan og fræðandi hátt. Myndirnar verða talsettar á ensku en með því er leitast við að kynna lífríkið í sjónum við Ísland fyrir stærri hópi.

Heiti verkefnis: Íslenskur sjávarútvegur á 21. öld – Verðmæti úr hafinu

Verkefnisstjóri: Hreiðar Þór Valtýsson, Sjávarútvegsmiðstöðin við Háskólann á Akureyri

Aðrir umsækjendur: Oddeyrarskóli

Lýsing á verkefni: Útgáfa rafræðslu og kennsluefnis með heildstæðri umfjöllun um sjávarnytjar við Ísland. Markhópur verkefnisins er nemendur á mið og efra stigi grunnskóla. Markmiðið er að nemandinn skilji þau ferli sem leiða til þess að hafið við Ísland er jafn auðugt og það er og skilji ferlið frá veiðum úr hafinu þar til afurðin er komin til neytenda. Mikið verður lagt upp úr myndrænni framsetningu.

Heiti verkefnis: SjávarútvegsApp – Sjóarinn

Verkefnisstjóri: Eva Rún Michelsen, Íslenski sjávarklasinn

Aðrir umsækjendur: Ýmsir verktakar

Lýsing á verkefni: Markmiðið er að auka fræðslu um hafið og sjávarútveginn meðal yngri kynslóða í gegnum gagnvirka leiki. Undanfarin ár hefur áhuginn á sjávarútveginum dvínað og það hefur leitt af sér að yngri kynslóðin gerir sér ekki grein fyrir þeim tækifærum sem liggja í einni stærstu og mikilvægustu atvinnugrein Íslendinga. Hugmyndin er sú að útbúa forrit um sjávarútveginn sem höfðar til nemenda á þann hátt að bæði verður hægt að lesa sér til fróðleiks og prófa kunnáttu sína á gagnvirkan og skemmtilegan máta.